



STARFSENDURHÆFING
NORÐURLANDS

Ársskýrsla

2024

Við náum árangri með því að stefna öll að sama marki



Efnisyfirlit

FORMÁLI	1
INNGANGUR	2
FJÁRMÖGNUN.....	2
STARFSMANNAHALD.....	3
SAMSTARFSADILAR	3
STARFSEMIN	4
STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI	4
ÞJÓNUSTULEIÐIR	5
<i>Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing</i>	<i>6</i>
<i>Gæfusporið.....</i>	<i>7</i>
<i>Brúin/námshópur.....</i>	<i>7</i>
<i>Ráðgjöf og eftirfylgd</i>	<i>8</i>
<i>Önnur tilboð</i>	<i>8</i>
TILVÍSANIR ÁRIÐ 2024	9
SAMANTEKT.....	13

Formáli

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) varpar ljósi á það starf sem fram hefur farið síðastliðið starfsár. Heildarfjöldi tilvísana á árinu 2024 var 113 (var 165 árið 2023). Þátttakendur í heildrænni endurhæfingu á starfsárinu voru 62 og nýttu þeir 113 endurhæfingarpláss. Rekstrartekjur SN voru 78.581.000 á árinu 2024 og lækkuðu um 10 milljónir eða um 4,6% miðað við árið 2023. Rekstrarniðurstaða á árinu 2024 var 3.014.000 krónur. Árið 2023 var rekstrarniðurstaða 7.400.000 krónur.

Á árinu fengu 62 einstaklingar þjónustu eins og áður sagði, 30 karlar (48%) og 32 konur (52%). Meðalaldur þátttakenda var 35,5 ár árið 2024 sem er sami aldur og á árinu 2023. Líkt og undanfarin ár eru flestir þátttakendur að kljást við geðrænan vanda, eða 58% (71% 2023). Með stoðkerfisvanda voru 10% þátttakenda (15% árið 2023) og 31% vegna annarra ástæðna (13% 2023). Árið 2024 hafði 1% þátttakenda verið að kljást við langtíma atvinnuleysi sem er það sama og árið 2023. Við komu í starfsendurhæfingu höfðu flestir verið frá vinnu í 6-12 mánuði eða 55% (45% árið 2022) 19% höfðu verið frá vinnu í 12-24 mánuði. (12% 2023). 2% notenda höfðu verið án atvinnu í 24-36 mánuði. Í 24-36 mánuði höfðu 2% notenda verið án atvinnu, (8% árið 2023) 19% þátttakenda var vísað í starfsendurhæfingu innan sex mánaða og þar af 2% innan þriggja mánaða. Flestir notendur voru á endurhæfingarlífeyri eða 97% og á örorku voru 3% þátttakenda.

Þegar árangur af starfinu er skoðaður má sjá að 31% þátttakenda eru komnir í fullt starf. 16% þátttakenda voru í hlutastarfi og samhliða á örorku eða endurhæfingarlífeyri og með vinnusamningi í gegnum VMST. 10% þátttakenda var á örorku (6% 2023) og 11% var vísað aftur til VIRK. (16% 2023) Í lok árs voru 21% ennþá í virkri endurhæfingu, ýmist á endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri eða í hlutastarfi eða hlutanámi.

Einstaklingar sem nýta sér þjónustu SN glíma oft á tíðum við flókinn og margþættan vanda sem krefst fjölbreyttra úrræða. Veitt heildræn endurhæfing (líf,-sál, og félagsleg). Það hlýtur að teljast góður árangur að í lok árs hafi 58% þátttakenda skilað sér út á vinnumarkaðinn eða í nám. Með þessum árangri sannast að endurhæfing er þjóðhagslega hagkvæm svo ekki sé talað um hin jákvæðu áhrif á velferð og líðan þátttakenda.

Umfangsmiklar breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfinu taka gildi í september 2025 sem ber að fagna. Finna má ýmsar jákvæðar breytingar fyrir fólk í endurhæfingu og áhersla er lögð á hvetjandi, valdeflandi kerfi og aukinn sveigjanleika þegar kemur að framfærslu fólks með skerta starfsgetu í endurhæfingu. Samvinna á milli kerfa er einnig lykilþáttur í endurhæfingarferli einstaklinga. Góður árangur hefur verið af starfi SN og mikil ánægja er á meðal þátttakenda með starfsendurhæfingartilboðin. Starfsmannaauður SN er mikill og á honum byggist árangurinn. Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki SN fyrir vel unnin störf og óska ykkur bjartar framtíðar.

Akureyri í mars 2025

Bernard H. Gerritsma, formaður stjórnar SN

Inngangur

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) varpar ljósi á það starf sem fram hefur farið árið 2024.

Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) er skipuð fulltrúum frá stofnaðilum SN:

- Anna Marit Níelsdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar,
- Ellen Jónína Sæmundsdóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar Norðurlandi eystra, ritari og varaformaður
- Bernard H. Gerritsma, fulltrúi SAK, formaður SN
- Valgeir Magnússon, fulltrúi SÍMEY
- Valtýr Aron Þorrason, fulltrúi HSN

Röð varamanna er eftirfarandi:

- Ásdís Helgadóttir, fulltrúi KEA
- Valgerður Gunnarsdóttir, fulltrúi FSH
- Signý Valdimarsdóttir, fulltrúi Norðurþings
- Jóna Finndís Jónsdóttir, fulltrúi Stapa
- Karólína Gunnarsdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar
- Þórarinn Sverrisson, fulltrúi Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra, áheyrnarfulltrúi

Ásta Guðný Kristjánsdóttir og fulltrúi KEA í stjórn hættir í stjórn og Ásdís Helgadóttir er tilnefnd í hennar stað sem varamaður. Ástu eru færða þakkir fyrir setu í stjórn SN og henni óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Á starfsárinu voru haldnir 4 stjórnarfundir. Ársfundur verður haldinn 20. mars 2025.

Fjármögnun

Fjármögnun starfsársins var að mestu í gegnum samning SN við VIRK starfsendurhæfingarsjóð Þjónustusamningur við VIRK var framlengdur frá 1. október 2024 til 1. nóvember 2027. Að auki gerði SN og VIRK með sér viðaukasamning vegna þróunar og innleiðingar á IPS (Individual Placement and Support) þjónustu á starfsendurhæfingarstöðinni. SÍMEY nýtti sér einnig þjónustu SN. Á starfsárinu nýtti VMST nýtti sér ekki þjónustu SN.

Rekstrartekjur SN námu 78.581.000 á árinu 2024 og lækkuðu um 10.433.000 kr. á milli ára eða um 4,6%. Rekstrarniðurstaða SN á árinu 2024 nam 3.014.000 kr. (2023: 7.391.000 kr.) Aðkeypt sérfræðiþjónusta fagaðila hækkaði á árinu 2024 miðað við árið 2023. Launakostnaður lækkaði á milli ára, þar sem að stöðugildum fækkaði.

Starfsmannahald

Um áramótin 2024/25 voru 8 fastráðnir starfsmenn hjá SN í 4,3% stöðugildum.

Starfsmenn SN á árinu 2023:

- Jakobína Elva Káradóttir, félagsráðgjafi og BA í lögfræði, í 100% starfi. Hún er framkvæmdastjóri SN.
- Anna Kristín Arnarsdóttir, kennari og fjölmiðlafræðingur, í 100% starfi.
- Elín Hrönn Einarsdóttir, iðjuþjálfari og jógakennari, í 80% starfi.
- Ranveig Susan Tausen, sálfræðingur Cand Psych og BA í þjóðfélagsfræðum, í 20% starfi frá 1. nóvember 2024.
- Birna María Möller, sjúkraliði, móttökuritari í 50% starfi.
- Ragnheiður Sveinsdóttir, sjúkraþjálfari í 25% starfi.
- Bragi V. Bergmann, kennari og almannatengill í 30% starfi.
- Júlía Mist Almarsdóttir, iðjuþjálfari og markþjálfari í 30% starfi.

Mannabreytingar urðu á síðasta starfsári. Ranveig S. Tausen sálfræðingur kom aftur til starfa til SN í nóvember 2024.

Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar SN eru stofnaðilar og starfsmenn þeirra, s.s. læknar og félagsráðgjafar Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) og Sjúkrahússins á Akureyri (SAK), ráðgjafar frá Velferðarsviði Akureyrarbæjar, starfsmenn Stapa lífeyrissjóðs, VMST og SÍMEYJAR. Sérlega gott samstarf er á milli SN og SÍMEYJAR þar sem þátttakendur SN geta nýtt sér námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins samhliða starfsendurhæfingunni. Námsleiðirnar eru einingabærar og geta þátttakendur nýtt þær inn í framhaldsskólakerfið. Einnig nýta þátttakendur SN sér að fara í áhugasviðskannanir, raunfærnimöt og námsráðgjöf hjá SÍMEY. Ánægjulegt samstarf hefur verið við VIRK starfsendurhæfingarsjóð eins og undanfarin ár, starfsmenn Einingar-Iðju og Vinnueftirlitsins. Einnig er gott samstarf við ýmsa verktaka og sérfræðinga sem að endurhæfingunni koma. Um er að ræða þjónustu sjúkraþjálfara, sálfræðinga, kennara, bókara og endurskoðenda og ýmissa fyrirlesara. Þjónusta var einnig keypt af Sölku félagsmiðstöð fólksins sem heyrir undir Akureyrarbæ og af líkamræktarstöðinni World Class. SN hefur verið í samstarfi við ýmis fyrirtæki og stofnanir á Akureyri og víðar sem tekið hafa á móti notendum/einstaklingum frá SN í starfsprófanir og vinnustaðakynningar. Starfsprófanirnar eru mikilvægur hlekkur til atvinnuþátttöku notenda SN. Þær hafa gefið góða raun og í sumum tilfellum leitt til fastráðninga.

SN leggur áherslu á að þeir notendur sem hyggja á nám, fái kynningu á námsmöguleikum á svæðinu og gott samstarf er við framhaldsskólana á Akureyri, Menntaskólann á Tröllaskaga og Háskólann á Akureyri (HA). Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að kynna þjónustu SN, m.a. fyrir Geðheilsuteymi og læknum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, háskólanemum, ýmsum félagasamtökum og sérfræðingum sem koma að endurhæfingarmálum á einhvern hátt. Með þessu eykst skilningur og þekking á starfsendurhæfingu.

Starfsemin

Síðustu ár hefur verið boðið upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir, þ.e. „Mat á stöðu, Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfingu og Ráðgjöf og eftirfylgd“. Samhliða þessum leiðum er m.a. boðið upp á *Gæfusporin*, *hópmarkþjálfun* og *HAM-námskeið*.



Mynd 1. Hér sést hvernig starfsemi SN var 2024.

Frekari umfjöllun um útfærslu hvernar leiðar fer hér á eftir í kaflanum „Þjónustuleiðir“.

Starfið á liðnu ári

Flestir notendur SN koma frá Akureyri og nágrennabyggðum Akureyrar.

Tilvísanir voru alls 113 (voru 178 árið 2023).

Líkt og undanfarin ár glíma flestir í notendahópi SN við fjölþættan vanda og þurfa þ.a.l. oftast á langtíma endurhæfingu að halda. Reynt er að mæta þörfum hvers þátttakanda og finna þá leið sem hentar hverjum og einum best. Endurhæfingin er heildræn, þ.e. horft er á manneskjuna í heild út frá líkamlegri- og andlegri líðan og félagslegri stöðu. Allt verkar þetta hvert á annað og á líðan fólks.

Notendur þjónustu SN hafa stundað hópefli og sjálfstyrkingu, líkamspjálfun og heilsueflingu. Einnig voru í boði sálfræðiviðtöl, félagsráðgjöf, iðjubjálfun, fjármálaráðgjöf, markbjálfun, sjúkraþjálfun, áhugakvetjandi samtöl og fjölskyldumeðferð hjá sérfræðingum SN og annarri aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Samhliða ofantöldu voru í boði áhugasviðskannanir sem fram fara í SÍMEY. Tilgangur þeirra er að einstaklingurinn komi auga á leiðir til að afmarka og/eða þrengja val á námi eða starfi. Þá stóð notendum einnig til boða að fara í raunfærnimat hjá SÍMEY. Þátttakendur nýttu sér reglulega stuðningsviðtöl hjá ráðgjöfum SN en þeir fylgjast með og halda utan um framvindu endurhæfingarinnar og eru þátttakendum innan handar við úrlausn ýmsra mála.

Allir notendur fylla út ASEBA (Achenbach) matslista við upphaf starfsendurhæfingar. Listinn hjálpar ráðgjafa að meta stöðuna og auðveldar vinnu með notendum við markmiðssetningu og endurmat á endurhæfingaráætlun viðkomandi. Þessi listi er einnig lagður fyrir á miðju tímabili endurhæfingar sem stöðumæling og í lok endurhæfingar til að meta árangur endurhæfingarinnar. Notendur fylla einnig út listana; Heilsutengd lífsgæði og DASS (Depression Anxiety Stress Scales) við upphaf og í lok endurhæfingar.

Á árinu var boðið upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir eins og fyrr segir: Mat á stöðu, Einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu og Ráðgjöf og eftirfylgd.

Þó eru alltaf einhverjir sem ekki geta nýtt sér þær leiðir sem í boði eru og hefur verið brugðist við þeirri þörf með því að gera einstaklingsmiðaða samninga við þá aðila.

Á árinu 2024 voru 62 einstaklingar í heildrænni starfsendurhæfingu sem nýttu 113 endurhæfingarpláss. (Árið 2024 voru 79 einstaklingar í þjónustu).

Hér á eftir verður fjallað um hverja þjónustuleið.

Þjónustuleiðir

Mat á stöðu:

Endurhæfingartími er 1-2 mánuðir.

Markmiðið er að leggja mat á það hvort notandi geti nýtt sér starfsendurhæfingu. Einnig er staða einstaklingsins og sú þjónusta sem hann þarf á að halda til að komast í virkni á ný, metin heildrænt. Meginmarkmiðið er því; sjálfstyrking í gegnum allt ferlið, virkni og mat á stöðu einstaklingsins.

Innihald þjónustunnar er einstaklingsmiðuð og fer eftir því sem um er beðið af ráðgjafa viðkomandi hjá VIRK starfsendurhæfingasjóði. Má þar nefna; ráðgjafaviðtöl, sálfræðiviðtöl, heilsueflingu, sjúkraþjálfun, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, fjölskyldumeðferð, fræðslu, sjálfstyrkingu, hópefli og handverk sem fram fer í Sölku félagsmiðstöð fólksins. Oftar en ekki er einstaklingi vísað í einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu í framhaldinu og fer það meðal annars eftir því hvernig ástundun og virkni þátttakandans er á tímabilinu. Ástundun þarf að vera a.m.k. 80%.

Markhópurinn er einstaklingar sem eru að hefja starfsendurhæfingu eftir fjarveru frá vinnumarkaði eða brottfall úr námi. Ástæður geta verið margvíslegar en eiga það sameiginlegt að ekki er vitað um getu einstaklingsins til að nýta sér starfsendurhæfingu.

Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing:

Endurhæfingartími er 3-6 mánuðir.

Markmiðið er að veita þeim einstaklingsmiðaða heildræna starfsendurhæfingu sem þurfa á langtíma starfsendurhæfingu að halda.

Innihald þjónustunnar er einstaklingsmiðað og fer áherslan eftir því sem um er beðið af ráðgjafa viðkomandi hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði. Innihald þjónustunnar er svipað og í Mat á stöðu, þ.e.; ráðgjafaviðtöl, sálfræðiviðtöl, heilsuefning, sjúkrabjálfun, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, markþjálfun, fjölskyldumeðferð, fræðsla, sjálfstyrking og hópefli. Krafa er gerð um góða ástundun, að lágmarki 15-20 stunda viðveru á viku, og er 80% mætingarskylda. Einnig kemur til viðbótar atvinnutenging og starfskynningar á seinni stigum endurhæfingarinnar þar sem einstaklingarnir fá tækifæri til að reyna sig á vinnumarkaði og finna út hvar áhugasviðið liggur.

Markhópurinn eru þeir sem eru að takast á við fjölþættan vanda: Langvarandi fjarveru frá vinnumarkaði vegna atvinnuleysis, brottfalls úr skóla og/eða sökum veikinda. Boðið er upp á fjórar mismunandi leiðir/áherslur, þ.e. Heilsuhóp, Atvinnuhóp, Gæfusporið og Brúna.

Hér er nánari lýsing á leiðum „Einstaklingsmiðaðrar starfsendurhæfingar“:

Heilsuhópur:

Heilsuhópur er 12 vikna heildrænt endurhæfingarúrræði. Aðaláhersla er lögð á að vinna með þá þætti sem hindra atvinnuþátttöku og undirbúa næstu skref í endurhæfingunni. Rauði þráðurinn í heilsuhópi er að vinna með sjálfstyrkingu og sjálfsmynd, hreyfingu, heilsuefningu, næringu, markmiðssetningu, samskipti og vinnufærni. Svo og eflingu andlegs úthalds og þols. Í boði er ýmis fræðsla, hóp- og einstaklingssamtöl, náms- og starfsráðgjöf auk áhugasviðskannana sem styrkja þátttakendur á leið þeirra út á vinnumarkaðinn eða í nám.

Markhópurinn eru þeir sem vilja styrkja sig andlega og líkamlega, auka sjálfstraust og bæta félagsleg samskipti til að verða hæfari á vinnumarkaði.

Atvinnulína:

Atvinnulína er 12 vikna heildrænt endurhæfingarúrræði þar sem unnið er með bæði líkamlega- og andlega heilsu og þátttakendum veittur stuðningur og fjölþætt ráðgjöf. Á endurhæfingartímabilinu er boðið upp á hreyfingu í formi líkamsræktar, göngu og annarrar útiveru auk þess sem þátttakendur fá leiðsögn og ráðgjöf frá sjúkrabjálfa sé þess þörf. Á atvinnulínu er aðaláhersla lögð á undirbúning fyrir atvinnulífið í formi markvissrar fræðslu, verkefnavinnu og umræðna.

Á síðari hluta tímabilsins fara þátttakendur í ýmsar heimsóknir, m.a. í menntastofnanir á svæðinu, s.s. framhaldsskólana og Háskólann á Akureyri þar sem kynningar fara fram á námsleiðum og þeirri starfsemi sem þar fer fram, m.t.t. atvinnumöguleika. Auk þess er farið í heimsóknir á vinnustaði þar sem þátttakendur fá kynningu á þeim störfum sem þar eru unnin. Auk þess fá þeir kynningu á starfsemi og hlutverki ýmissa stofnana sem tengjast vinnumarkaði. Þátttakendur fara einnig í þriggja vikna starfskynningar á vinnustaði að eigin vali. Þeir fá með því tækifæri til að reyna sig við raunveruleg verkefni og stuðla að farsælum tengslum og endurkomu á vinnumarkað. Þeir sem þurfa á lengri starfsþjálfun að halda fá aðstoð við að komast í slíka þjálfun. Samhliða þessu eru þátttakendur í virkri atvinnuleit. SN hefur verið í góðu samstarfi við VMST við gerð vinnusamninga, en samningarnir eru ætlaðir til þess að auka atvinnumöguleika einstaklinga með skerta starfsgetu og/eða þá sem eru að vinna upp starfsþol, til að ráða sig í vinnu á almennum vinnumarkaði.

Markhópur atvinnuhóps eru einstaklingar sem eru komnir á þann stað í endurhæfingu að þeir stefna á vinnumarkaðinn á næstu 3-4 mánuðum.

Gæfusporið:

Gæfusporið er endurhæfingarleið sem SN hefur boðið upp á undanfarin ár. Þessi endurhæfingarleið, sem er ætluð konum, hófst sem þróunarverkefni undir hatti SN og í samvinnu við fagfólk SN og Sigrúnu Sigurðardóttur, doktor í lýðheilsufræðum við Háskólann á Akureyri.

Gæfusporið er 12-14 vikna endurhæfing þar sem unnið er markvisst með áföll vegna kynbundins ofbeldis. Í Gæfusporinu er veitt fjölbætt ráðgjöf, stuðningur, aðhald og hvatning alla virka daga vikunnar og er tímasókn 4-6 tímar á dag. Konurnar vinna bæði á einstaklingsgrunni og í hóp. Einstaklingsvinnan er í formi ráðgjafaviðtala, svæðanudds, bandvefslosunar, sálfræðiviðtala, fjármálaráðgjafar og fjölskyldumeðferðar. Hópvinnan samanstendur af fræðslu, sjálfsstyrkingu, líkamsvitund, hreyfingu, jóga og sálfræðihópvinnu. Einnig er boðið upp á 30 tíma listasmiðju sem endar með sýningu hjá SN á verkum þátttakenda.

Brúin/námshópur

Í Brúnni eru flestir þátttakendur í námi á eigin vegum, ýmist í framhaldsskóla eða háskóla, en nokkrir hafa einnig stundað vinnu. Markmiðið er að styðja þátttakandann á þeirri námsleið eða í því starfi sem hann hefur valið sér. Stuðningurinn er einstaklingsmiðaður.

Hóparnir hittast með ráðgjafa og er þá boðið upp á fræðslu eða að þátttakendur miðla af reynslu sinni og styðja og leiðbeina hver öðrum.

Einnig standa þeim til boða viðtöl hjá viðeigandi fagaðilum eftir þörfum, s.s. sálfræðiviðtöl, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, heilsuráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og fjölskyldumeðferð. Markhópur Brúarinnar er sérstaklega einstaklingar sem hafa ekki getað fóttað sig í námi og þurfa á stuðningi og hvatningu að halda samhliða námi.

Ráðgjöf og eftirfylgd:

Endurhæfingartími er 3-6 mánuðir.

Markmiðið er að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning við að takast á við næstu skref í endurhæfingunni. Á þessum tímapunkti er oft unnið markvisst með atvinnutenginu. Einnig getur þátttakandi verið að ljúka námi á framhalds- og/eða háskólastigi.

Innihald þjónustunnar er fyrst og fremst ráðgjafaviðtöl en líka er boðið upp á hóptíma 1x í viku þar sem boðið er upp á ýmiss konar fræðslu. Einnig eru hópfundirnir nýttir til að skiptast á skoðunum og veita stuðning við þau viðfangsefni sem brenna á þátttakendum hverju sinni.

Viðvera: Þátttakendur mæta 1x í viku á hópfunði og til ráðgjafa að lágmarki 2x í mánuði, oftast ef þarf.

Markhópurinn eru einstaklingar sem eru að ljúka endurhæfingu og hefja atvinnuleit eða atvinnuþátttöku og þurfa á stuðningi að halda.

Önnur tilboð:

Auk fastra liða voru haldin ýmis námskeið fyrir þátttakendur SN. Boðið var upp á tvö námskeið í Hugrænni atferlismeðferð (HAM-námskeið). Tilgangur námskeiðsins er að auka innsýn þátttakenda í samhengi hugsana, tilfinninga og hegðunar og hvernig hægt er að grípa inn í vítahringi sem viðhalda vanlíðan. Námskeiðið var haldið einu sinni í viku, tvo tíma í senn í sex skipti auk eftirfylgdarviðtals.

Námskeið í Hópmarkþjálfun var haldið með það að markmiði að aðstoða þátttakendur við að brjóta upp vana, ná lengra og setja stefnuna hærra, hvort sem það er í starfi eða einkalífi. Um var að ræða 12 tíma námskeið sem byggir á hugmyndafræði markþjálfunar. Unnið var með ýmis verkfæri sem nýttust þátttakendum vel til að ná persónulegum markmiðum sínum og auka vellíðan þeirra þannig að þeir fái almennt meira út úr lífinu í heild.

Þá var einnið boðið upp á kennslu í Fab-Lab smiðju sem fram fór í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þar fengu þátttakendur tækifæri til að þjálfa sköpunargáfu sína með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Karlahópar voru starfræktir á árinu 2024. Markmiðið með hópunum er að skapa vettvang fyrir þátttakendur til að ræða ýmis málefni frá sjónarhóli karla. Allt frá stálnaglanum að mjúka manninum – tilfinningar, upplifanir og klisjur.

Sú nýbreytni var tekin upp hjá SN sumarið 2023 að leigðir voru matjurtagarðar í Gróðrarstöð Akureyrarbæjar. Þar gátu notendur og starfsmenn SN sett niður grænmeti og um leið notið náttúrunnar og útiverunnar. En komið hafa fram sannfærandi gögn um að dvöl og iðja í náttúrunni sé gagnleg vellíðan og heilsu. Mikil ánægja var með þessa nýbreytni var ákveðið að halda áfram og leigja matjurtagarðana áfram á komandi sumrum.

Hvað er framundan?

Það eru alltaf nokkrir þátttakendur sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar endurhæfingarleiðir hjá SN. Þeim er mætt með einstaklingsmiðaðri þjónustu. Gerður er samningur þar sem ráðgjafi SN styður einstaklinginn og heldur utan um þá þætti endurhæfingarinnar sem þörf er á. Lögð er áhersla á virkni og ábyrgð einstaklingsins.

Starfsmönnum SN er umhugað um að þróa og veita metnaðarfulla þjónustu í takt við þarfir hvers og eins. Nýjar áherslur voru kynntar með það að markmiði að bjóða þátttakendum að velja um fleiri námskeið en áður samhliða línulegum þjónustutilboðum. Með þessu er lögð meiri áhersla á valdeflingu og lausnamiðaða nálgun fyrir einstaklinginn. Í boði er m.a: Kvíðanámskeið, Hugræn atferlismeðferð, Núvitundarnámskeið, Fjármálanámskeið, Jóga, Myndlistarsmiðja, Fab-Lab, Náttúruvitund, Herramannsmatur/matreiðslunámskeið fyrir herra o.fl.

Starfsmenn SN hafa verið að kynna sér hugmyndafræði IPS (Individual Placement and Support) Markmið IPS er að aðstoða einstaklinga sem þurfa á sérhæfði aðstoð að halda við atvinnuleit, að komast út á vinnumarkaðinn í kjölfar veikinda eða slysa. Starfsmenn SN hafa sótt 12 vikna netnámskeið sem boðið var upp á og fjármagnað af VIRK starfsendurhæfingarsjóði og farið á ýmsa fræðslufyrirlestara um IPS. Á vordögum 2024 fóru 4 starfsmenn SN í kynnisferð til Danmerkur og hittu fyrir fulltrúa tveggja stofnana sem sérhæfa sig í IPS vinnu. Kynnisferðin var mjög upplýsandi og fróðleg og komu starfsmennirnir heim með ýmsar praktískar upplýsingar um IPS í farteskinu.

Áframhaldandi samvinna verður við VMST og fyrirhuguð eru námskeið fyrir fólk í atvinnuleit, *Hæfni á vinnumarkaði*, með það að markmiði að efla og styrkja einstaklinga í atvinnuleit. Þátttakendur fá samþættan stuðning til að auka áhuga, sjálfsvitund og hvatningu til að öðlast nýja færni sem krafist er á vinnumarkaði.

Í skoðun er að þróa úrræði á vegum SN og bjóða upp á sérhæfða þjónustu vegna móttöku flóttamanna, í samvinnu við önnur þjónustuúrræði á Akureyri.


Tilvísanir árið 2024

Tekjur starfsársins: Tekjur starfsársins komu að mestu frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði eða 94%. Aðrar tekjur koma frá SÍMEY.

Fjöldi tilvísana: Frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði komu 113 tilvísanir


Þátttakendur í heildrænni endurhæfingu á starfsárinu voru 62 og nýttu þeir 113 endurhæfingarpláss.

Kynjaskipting:




Konur voru 52% (32) og karlar 48% (30) Árið 2023 voru hlutföllin konur 49% og karlar 51%.

Meðalaldur þátttakenda:




Meðalaldur þátttakenda var 35,5 ár, (sami meðalaldur og var 2023) 29% þeirra sem nýttu sér þjónustu á árinu voru á aldrinum 18-35 ára (20% árið 2023). Á aldrinum 26-35 ára var 26% þátttakenda (29% 2023) 36-45 ára voru 22% (29% 2023) og 46-67 ára 23% (22% 2023).

Hve lengi frá vinnu við komu í SN:




Við komu í starfsendurhæfinu höfðu flestir verið frá vinnu í 6-12 mánuði eða 55% (45% 2023), 19% höfðu verið frá vinnu í 12-24 mánuði (12% 2023). Í 24-36 mánuði höfðu 2% notenda verið án atvinnu (8% 2023). 19% þátttakenda var vísað til SN innan sex mánaða og þar af 2% inna þriggja mánaða (33% árið 2023 og 6% innan þriggja mánaða).

Ástæða tilvísunar:




Líkt og undanfarin ára eru flestir þátttakendur að kljást við geðrænnann vanda eða 58% (71% 2023), Með stoðkerfisvanda var 10% þátttakenda (15% 2023) og 31% vegna annarra ástæðna (13% 2023). Árið 2023 hafði 1% þátttakenda verið að kljást við langtíma atvinnuleysi sem er sama hlutfall og 2023.

Framfærsla á endurhæfingartímanum:



Flestir þátttakendur voru á endurhæfingarlífeyrir eða 97% (90% 2023, á örorku 3% (2% 2023)).

Staðan í lok árs:



Í árslok voru 31% þátttakanda komnir í vinnu og 16% þátttakanda sem voru komnir í hlutastarf og voru á örorku eða á endurhæfingarlífeyri á vinnusamningi (12% 2023), 10% þátttakanda var á örorku (6% 2023). Í námi voru 11% þátttakanda (6% 2023) og 11% þátttakanda var vísað til baka til Virk (16% 2023). Í lok árs voru 21% ennþá í virkri endurhæfingu, ýmist á endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri eða í hlutastarfi (sama hlutfall 2023).

Endurhæfingarpláss

Endurhæfingarpláss	2021	2022	2023	2024
Mat á stöðu	11	13	11	2
Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing	114	119	132	80
Ráðgjöf og eftirfylgd	43	35	33	28
Námskeið (tilvísanir frá /VIRK/VMST)	22	0	0	3
Gæfuspor	6	0	0	0
Samtals:	196	167	178	113

Endurhæfingarpláss voru 113 á starfsárinu en voru 178 árið 2023.

Margir þátttakendur nýttu sér fleiri en eitt úrræði, 62 einstaklingar nýttu sér þjónustu SN á starfsárinu (79 árið 2023)

Samantekt

Markmið SN er að þeir einstaklingar sem vísað er í heildstæða starfsendurhæfingu bæti starfsgetu sína og að lífsgæði þeirra aukist.

Boðið var upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir auk þess ýmiss styttri námskeið.

Þegar árangur af starfsendurhæfingu er skoðaður má sjá að hann er góður. Í árslok voru 37% þátttakenda komnir í vinnu og 6% í nám sem er vel. Það er umhugsunarvert að sjá að 12% þátttakenda hafa verið frá vinnumarkaði í allt að 24 mánuði.

Þessi hópur þarf oft á tíðum að tileinka sér nýja færni og ný viðhorf og hann þarf oft en ekki lengri endurhæfingartíma en hópurinn sem hefur verið frá vinnumarkaði í styttri tíma. Það er líka áhyggjuefni að í sumum tilfellum er verið að ljúka endurhæfingarferlinu fyrr en ráðgjafar SN telja tímabært, sérstaklega þegar þátttakendur eru komnir út í hlutastörf og þyrftu lengri stuðning í formi ráðgjafar og eftirfylgdar til að forða þeim frá bakslagi og því að falla út af vinnumarkaði.

Meðalaldur þeirra sem voru í þjónustu SN árið 2024 var 35,5 ár. Hjá sumum þessara einstaklinga hafa veikindi og fjarvistir frá vinnu eða námi verið langvarandi. Mikilvægt er því að mæta einstaklingunum þar sem þeir eru staddir og að þeir fái þann tíma í endurhæfingunni sem þeim er nauðsynlegur.

Það er visst áhyggjuefni að tilvísunum frá VIRK til SN hefur fækkað. Hvað veldur er erfitt að henda reiður á. Aukin samkeppni er til staðar og ýmis fyrirtæki eru að bjóða uppá þjónustuúrræði fyrir einstaklinga í endurhæfingu. En hafa ber í huga að hjá SN hefur byggst upp sérhæfing og ómetanleg þekking og reynsla, af því að vinna með fóki sem þarf á starfstengdri endurhæfingu að halda. Starfsmenn búa yfir þverfaglegri menntun og reynslu og boðið er upp á einstaklingsbundin úrræði og heildræna nálgun, sem eflir starfsgetu þeirra sem vísað er í þjónustu. Starfsemi SN mun halda ótrauð áfram og takast á við þær áskoranir sem framundan eru. SN er vaxandi vinnustaður og þar ríkir gróskuhugarfar. Starfsfólk mun leggja sitt á vogarskálarnar til þess að hjálpa til við að bæta lífskjör og lífsgæði einstaklinga þegar kemur að því að styðja fólk út í atvinnulífið eða nám. Við horfum björtum augum til framtíðar og hlökkum til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þróa og veita metnaðarfulla þjónustu.

Að endingu vil ég þakka starfsfólki SN fyrir vel unnin störf, sveigjanleika, þrautsegu og lausnamiðaða hugsun. Einnig þakka ég þátttakendum og öðru samstarfsfólki fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

Akureyri, 1. mars 2025

Jakobína Elva Káradóttir, framkvæmdastjóri

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Norðurlands er að finna á vefsíðu SN;
<http://www.stn.is>